

Öldungadeild Skýrslutæknifélags Íslands

Skýrsla til stjórnar félagsins um starfsemina á árinu 2010.

Skýrslufundur (aðalfundur) fyrir árið 2009 var haldinn 20. janúar 2010 í húsakynnum Hugvits hf að Tunguhálsi 19 í Reykjavík. Öldungaráð fyrir árið 2010 er óbreytt frá árinu áður. Í því sitja Ágúst Úlfar Sigurðsson, Jóhann Gunnarsson, Sigurður Bergsveinsson, Þorsteinn Hallgrímsson og Örn Kaldalóns. Bergþóra Ketilsdóttir er varamaður. Fimmtán manns sóttu fundinn og nutu hádegisverðar í boði fyrirtækisins. Kristinn Kjartansson kynnti fundarmönnum öflugna starfsemi Hugvits hf.

Félagsstarf

Fundur var haldinn í öldungaráði 17. september á skrifstofu Skýrslutæknifélagsins, sem bauð upp á kaffi, gos og samlokur í hádeginu. Á þeim fundi lét Jóhann Gunnarsson af formennsku, sem hann hefur gegnt frá stofnun félagsins. Þorsteinn Hallgrímsson tók við af honum með samþykki allra stjórnarmanna. Annar öldungaráðsfundur var haldinn 9. febrúar á skrifstofu Ský.

Söguvefur

Söguvefurinn hefur ekkert aukist á liðnu ári.

Ráðstefnur

HiNC-3 ráðstefnan (History of Nordic Computing) var haldin í Stokkhólmi dagana 18. - 20. október. Jóhann Gunnarsson og Páll Jensson sátu í dagskrár- og ráðgjafarnefnd ráðstefnunnar. Öldungaráð gekkst fyrir átaki til að kynna ráðstefnuna og hvetja til þess að héðan yrðu send erindi til flutninga á ráðstefnunni. Endirinn varð sá að eitt erindi frá Íslandi var flutt. Sverrir Ólafsson flutti erindi um bók sína Í vist hjá IBM. Erindið nefndi hann *The Presence of the IBM Branch Office in Iceland 1967 - 1992*.

Það gekk eftir sem spáð var í lok síðustu ársskýrslu að tilraunir til að fjármagna ferðir á ráðstefnuna með styrkjum frá upplýsingatæknifyrirtækjum mistókust alveg. Á síðustu stundu buðu forráðamenn ráðstefnunnar fram styrk fyrir farseðlum og gistingu ásamt niðurfellingu ráðstefnugjalds. Stjórn Skýrslutæknifélagsins féllst á að greiða upphaldskostnað Sverris. Er þessi stuðningur þakkaður af alhug, en þetta er í annað skipti sem Skýrslutæknifélagið tekur þátt í ferðakostnaði félagsmanns okkar á HiNC-ráðstefnu. Páli Jenssyni er einnig þakkað ötulst starf við fjáröflun.

Á jólarástefnu Ský 8. desember sl., sem fjallaði reyndar um nýjungar í viðskiptahugbúnaði, flutti Sigurður Bergsveinsson öldungaráðsmaður erindi er hann hefur tekið saman og nefnist *Saga viðskiptahugbúnaðar á Íslandi*. Erindið er að finna á vef Ský.

Minjasöfnun

Þegar meta skal hversu miðað hafi á verksviði félagsins, „varðveislu sögulegra gagna og heimilda, í hvaða formi sem er, um vélræna gagnavinnslu og notkun upplýsingatækni á

Íslandi“ verður að hafa hugfast að verkefnið er víðtækt og afrakstur heimildasöfnunar verður ekki sýnilegur fyrr en aðstaða fæst til að koma minjum fyrir á aðgengilegum stað. Á meðan slíkur staður er ekki fyrir hendi er unnið á ýmsum vettvangi að verkefnum sem gætu orðið stofn að safni þegar tekst að koma þeim saman í eina heild. Nokkuð er um það að fyrirtæki og einstaklingar sem hafa undir höndum úreltan tölvubúnað hafi samband við stjórnarmenn og bjóði búnaðinn til afhendingar. Ekki hefur aðstaða félagsins til að taka á móti slíku batnað á liðnu ári. Eina ráðið er að biðja viðkomandi að varðveita hlutina eins lengi og unnt sé. Stjórnin hefur ítrekað rætt nauðsyn þess að skrá upplýsingar um búnað sem til er hvar sem hann er niður kominn. Er þess vænst að á yfirstandandi starfsári takist að koma formi á slíka skráningu.

Á haustfundi stjórnar var ákveðið að hafa samband við alla félaga öldungadeildar og kanna hvort þeir vissu af eldri búnaði. Það bar góðan árangur og bærust svör frá nokkrum sem ýmist voru með búnað í sínum fórum eða vissu um hvar búnaður væri geymdur.

Einnig barst til eyrna öldungaráðs á árinu að á vegum Búnaðarbankans (með síðari nafnabreytingum) hefur verið safnað allmiklu af skrifstofubúnaði, þar á meðal tölvubúnaði, hann skráður og komið í geymslu á Akranesi. Einnig er til leikið myndskleið um notkun skrifstofuvéla þi bankanum gegn um tíðina. Æskilegt væri að öldungadeild aflaði nánari upplýsinga um hvað er í safni þessu. Svo sem jafnan hefur verið gert í ársskýrslum skal enn skorað á alla sem minningar eiga óskráðar, eða minjar, að koma þeim á framfæri með einhverjum hætti.

Húsnæðismál

Enn er eitt ár liðið án þess að miðað hafi í húsnæðismálum fyrir upplýsingatæknisafn.

Horfinna minnst

Tveir stofnfélagar Öldungadeildar og heiðursfélagar í Skýrslutæknifélaginu létust á árinu. Óttar Kjartansson lést 17. apríl 2010 á áttugasta aldursári og Oddur Benendiktsson 17. ágúst 2010 sjötíu og þriggja ára að aldri. Báðir unnu þeir Skýrslutæknifélaginu mikið starf um dagana. Öldungadeild hefur gengist fyrir því að minningargreinar um þá hafa birst í Tölvumálum og á vef Ský. Til þeirra skrifa er vísað varðandi nánari umfjöllun um líf þeirra og störf.

Ástæða þykir til að minnast enn eins látins frumherja í upplýsingatækni. Svavar Jóhannsson lést 8. ágúst 2010. Hann var fæddur 13. október 1919. Svavar starfaði í Búnaðarbankanum í 52 ár, lét af störfum fyrir aldurs sakir 1987. Hann gegndi lengst af starfi skipulagsstjóra og átti í krafti þeirrar stöðu ríkan þátt í vélvæðingu bankans. Svavar lagði drög að söfnun og skráningu vélbúnaðar bankans sem að ofan er getið, meðal annars með grein í starfsmannablað bankans um helstu áfanga í vélvæðingunni ásamt myndum af ýmsum tækjum. Dagsetning þessa blaðs er ekki tiltæk þegar þetta er ritað. Svavar sat í stjórn Skýrslutæknifélagsins frá 1969 til 1975.

Megi minning þessara heiðursmanna lengi lifa og verða hvatning okkur hinum til þess að gera það sem í valdi hvers og eins stendur til þess að sagan gleymist ekki.

Lokaorð

Það er von öldungaráðs að á árinu 2011 og framvegis muni takast að blása nýju lífi í

starfið að markmiðum öldungadeildar Ský. Í takti við upprisu þjóðarinnar allrar úr djúpi efnahagskreppunnar koma vonandi nýir tímar og tækifæri líka fyrir hugsjónavinnu af því tagi sem við viljum iðka.

Öllum sem sótt hafa fundi og/eða lagt starfi Öldungadeildar Skýrslutæknifélags Íslands lið á árinu 2010 skal hér með þakkað af alhug.